

Á TÍMA- MÓTUM

Örn Ingi á Kjarvalsstöðum

Myndlistarmaðurinn er kominn frá Akureyri og sýnir Reykvikungum 39 listaverk á Kjarvalsstöðum. Aðspurður kvaðst Örn Ingi vera kominn til Reykjavíkur vegna aðstöðuleysis þar nýrðra. Þar væri ekki fyrir hendi almennileg sýningar- aðstaða og áhugi fólks á sjónmenntum í daufara lagi.

Ný myndgerð

Myndverk listamannsins hafa tekið miklum breytingum frá fyrri sýningum. Sjálfur segir hann í sýningarskrá: „Þessi sýning, sem er


litið er gert af því að vinnaformrænt úr utanaðkomandi hugmyndum. Þessi „hlutacollagar“ komu fyrst fram hjá cubistunum og M. Duchamp á fyrri hluta aldarinnar. En það er þó fransk listamaðurinn Arman sem fyrstur gefur þessum collage-myndum ákveðið setningarfræðilegt gildi. Hann leit ekki á hlutinn sem eitt einangrað fyrirbæri heldur sem myndræna einingu í ákveðnu sjónrænu máli. Myndmálið hafði eignast skilgreint innra lögmál Arman kom fram með hinum svonefndu nýrealistum (Le nouveau réalisme) í byrjun 7. áratugarins í Frakklandi.

concept myndverki. Þetta eru myndir frá nokkrum tónleikum þar sem listamaðurinn í efri hluta myndanna rissar upp á táknaðan hátt persónulega upplifun á tónlistinni og umhverfinu. Í neðri hluta verkanna setur hann inn ljósmyndir af viðkomandi tónlistarfólki og umhverfi. Í verkinu „Tónleikar / Manuela Wiesler“ (nr. 5) teiknar Örn Ingi upp sína innri sýn sem flautumúsikin blæs honum í brjóst. Við getum þó ekki sagt að þessi lýriska abstraction sé bein tjáning á áhrifum tónverksins. Hér er fremur um að ræða endurbyggingu tónverksins í öðru tjáningarformi. Það er eins og listamaðurinn skrái tóna verksins á sama tíma og hann vill sýna sjálft hljóðfærið með sínum ótal tökkum. Í neðri hluta verksins reynir listamaðurinn að skilgreina sína „innri sýn“ með ljósmyndum af tónlistarkonunni, áhorfendum o.s.frv. Myndhugsunin í þessu verki er skýr: í efri hlutanum er sýnd heildarverkun tónleikanna (tónlist, hljóðfæri, hljóðfæraleikarar, áhorfendur) skráð í lýrískt myndverk og í neðri hlutanum er það sundurgreining (analyse) á listhvatanum (tónlistinni). Hin lýriska mynd er því ekki lengur nein óskilgreind tilfinningaleg útrás, heldur skilgreind hugsun er hlýðir ákveðnu orsakaferli. En það er sem fyrr, myndverkin virðast ekki fyllilega unnin. Þessi verk eru ekki nógu aðgengileg. Listamaðurinn hefði mátt gefa nánari upplýsingar um tónverkin (jafnvel spila þau af segulbandi) og inntak verksins. Listaverkin fengu þannig skýrari lestur.

Of fljótt

Í raun kom Örn Ingi of fljótt í bæinn. Það er greinilegt að listamaðurinn hefur frá mörgu að segja en það er sem hann hafi ekki enn fundið sitt persónulega myndmál. Örn Ingi er á tímamótum og nú er aðeins að biða og sjá hvernig listamaðurinn vinnur sig út úr núverandi stöðu.

Gunnar B. Kvaran.



GUNNAR KVARAN

svo gjörólik fyrri sýningum, er ekki afsprengi skyndilegrar hugdettu. . .” Örn Ingi hefur að mestu sagt skilið við hefðbundið málverk. Þess í stað notar hann nú aðra tjáningarmiðla í ætt við neo-dada og pop collage (assemblage) og jafnvel conceptlist.

Ópersónuleg vinna


Þegar litið er yfir sýninguna kemur strax í ljós að það á sér stað mikil leit hjá listamanninum að nýju tjáningarformi. Hér ægir saman helztu stíltegundum úr listasögu síðustu ára. Á einum stað notar hann collage (eða assemblage) myndgerð og raðar ýmsum hlutum og hlutabrotum á myndflötinn í ákveðna sögn (sjá myndir nr. 13, 14, 15). Ekki

getur maður sagt annað en að myndverkin séu afar ópersónuleg þar sem

Örn Ingi vinnur. Ómeðvitað eða meðvitað, í álíka myndvandamálum Hann tengir saman á myndfletinum í verki eins og „Gæfa og gjörvuleiki“ (nr. 14) vítamínspillur, lykil, opalpakka, örvar og úrklippu úr Alþýðublaðinu og vill að fólk sjái í verkinu eina vissa merkingu. Hér er megináherzla lögð á inntakið, meðan formræn úrvinnsla er í algeru lágmarki. Niðurstaðan er því fremur klaufaleg og minnir einna mest á myndagátu. Það er greinilegt í þessum verkum að Örn Ingi hefur til-einkað sér formrænt neo-dada og pop-listaverk án þess að gefa viðkomandi tjáningarmöguleika persónulegar viddir.

Heildarstemning — sundurgreining

Í verkunum 1—6 tekst listamanninum mun betur upp, nálægt




Tónleikar/Manuela Wiesler.



Gæfa eða gjörvuleiki.

Ljós. DB: KOE.

Nýja platan með GRAFIK slær í gegn



Fáar hljómsveitir hafa komið okkur borgarbúum, sem stöðugt trúum að við séum fremstir í rokktonlistinni hér á landi meira á óvart en hljómsveitin Grafik frá Ísafirði. (Morgunblaðið)

Út í kuldann er góð plata. Auðheyrð er að þeir Grafik-drengirnir hafa lagt sig eftir nýjungum í tónlistarlífi bæði hér heima og erlendis.

(Þjóðviljinn)

Hér sannast að þeir standa sig best í hinu nýja kuldarakki, sem eru skólaðir í allskyns rokki fyrir. Tónlistarflutningurinn er til mikillar fyrirmyndar.

(Helgarpósturinn)

Óvænt, skemmtileg og athyglisverð plata. Meðlimum flokksins hefur tekist vel að sameina nýrri hugmyndir í rokkinu, þeim eldri án þess að yfirkeyra sig á nýjungum.

(Dagblaðið)